

## **Almennir viðskiptaskilmálar – viðauki við skipunarbréf vegna mála um endurkröfu uppgreiðslugjalda**

Þú ('viðskiptavinurinn', 'þú', 'þig', 'þín', 'þér') hefur undirritað skipunarbréf þar sem þú felur Lögfræðistofu Reykjavíkur ('LR', 'við', 'okkur', 'okkar') að veita lögfræðiþjónustu sem nánar er lýst í skipunarbréfinu. Samningssamband þitt og LR um þá þjónustu sem þú felur okkur ræðst af þessum viðskiptaskilmálum ('skilmálarnir') ásamt skipunarbréfinu. Ef misræmi kemur upp á milli skilmálanna og skipunarbréfsins, ráða skilmálar skipunarbréfsins.

### **1. Samningurinn**

- 1.1. Þegar þú undirritar skipunarbréfið, hvort sem er pappír eða á rafrænu formi, kemst á samningur á milli þín og okkar um þá þjónustu sem þar er lýst ('þjónustan'). Það sama gildir ef þú samþykkir skilmála skipunarbréfsins skýrlega með tölvupósti. Með því að undirrita eða samþykkja skipunarbréfið ert þú einnig að gangast undir þessa skilmála. Saman mynda skipunarbréfið og skilmálarnir samning okkar og þín um lögmannsþjónustu ('samningurinn').
- 1.2. Sá lögmaður sem nafngreindur er í skipunarbréfinu hefur umsjón með þeirri lögfræðiþjónustu sem þér er veitt. Allir þeir starfsmenn LR sem koma að veitingu þjónustunnar eru lögmennt. Ef starfsmönnum eða aðstoðarmönnum, sem ekki eru lögmennt, er falið að aðstoða við að veita þér þjónustu, gera þeir það í umsjón og á ábyrgð þess lögmanns sem fer með málið.
- 1.3. Með skipunarbréfinu veitir þú okkur umboð til þess að gæta hagsmuna þinna innan þeirra marka sem felast í verklýsingunni. Í því umboði felst að reka öll ágreiningsmál fyrir úrskurðaraðilum, m.a. fyrir stjórnvöldum, úrskurðarnefndum, dómstólum og gerðardómum. Undir umboð okkar fellur einnig heimild og vald til að sinna samningaviðræðum og til þess að sætta ágreiningsmál þín. Við munum alltaf bera undir þig samninga eða sáttaboð áður en gengist er undir þau.

### **2. Upplýsingaskylda, trúnaður og vernd persónuupplýsinga**

#### **Upplýsingaskylda þín**

- 2.1. Sú þjónusta sem við veitum þér er byggð á þeim staðreyndum og upplýsingum sem þú veitir okkur. Þjónustan er bundin við það verk sem okkur er falið, þær staðreyndir sem þú upplýsir okkur um og það svið sem um ræðir. Þú getur ekki byggt á ráðgjöf okkar undir öðrum kringumstæðum eða sem ráðgjöf við aðra aðila.
- 2.2. Þú ábyrgist að veita okkar allar upplýsingar eftir bestu vitund og veita þá aðstoð og samstarf sem þörf er á til að tryggja að við getum veitt þér þjónustuna hratt og örugglega. Þú ábyrgist einnig að afhenda okkur öll þau gögn sem þú hefur undir höndum og okkur kann að vera þörf á til að veita þjónustuna. Loks ábyrgist þú að upplýsa okkur um allar breytingar sem kunna að verða á þeim upplýsingum sem þú hefur veitt okkur

og aðrar breytingar á aðstæðum sem geta haft áhrif á getu okkar til að veita þjónustuna eða það hvernig hún er veitt.

- 2.3. Þú samþykkir að upplýsa okkur án tafar um breytingar á samskiptaupplýsingum þínum.

#### **Trúnaðar- og þagnarskylda okkar**

- 2.4. Við erum bundin af þeim skyldum sem fram koma í lögum nr. 77/1998 um lögmenn, sem og af siðareglum Lögmannafélags Íslands (Codex Ethicus). Við munum gæta trúnaðar um allar þær upplýsingar sem við móttökum frá þér og öll samskipti þín við okkur. Við munum ekki upplýsa neinn einstakling, lögaðila eða stjórnvöld um þjónustuna sem við veitum þér, nema það sé beinlínis liður í þjónustunni, með þínu samþykki eða samkvæmt ákvörðun þar til bærri yfirvalda. (sjá nánar gr. 5)

#### **Persónuupplýsingar og vinnsla þeirra**

- 2.5. Í því tilviki sem þjónusta okkar krefst þess, vinnum við persónuupplýsingar þínar, og í einstaka tilvikum einnig aðila sem eru nákomnir þér (í vinnslu felst m.a. söfnun, skráning, flokkun, varðveisla, notkun og miðlun).
- 2.6. Þegar við vinnum persónuupplýsingar þínar gerum við það í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (nú lög nr. 90/2018). Vinnsla okkar á persónuupplýsingum styðst við samþykki þitt, er veitt í þeim tilgangi að efna samning þennan og til að veita þjónustuna. Við vinnum einnig persónuupplýsingar til að gera okkur kleift að eiga í samskiptum við þig, í því skyni að sinna reikningsgerð og ef lagaskylda kveður á um hana.
- 2.7. Þegar við vinnum persónuupplýsingar þínar, erum við ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu. Nánar er kveðið á um heimildir okkar til vinnslu og réttindi þín vegna vinnslu okkar í persónuverndarstefnu LR, sem er aðgengileg á heimasíðu okkar.
- 2.8. Með því að gangast undir samninginn veitir þú okkur heimild til að fela undirvinnsluaðilum að framkvæma afmarkaða vinnslu persónuupplýsinga þinna. Sem dæmi gæti verið um að ræða bókhaldsþjónustu eða hýsingu tölvukerfa.
- 2.9. Eftir að við höfum lokið við að veita þjónustuna munum við geyma öll skjöl sem tengjast bókhaldi og reikningsgerð vegna hennar í þann tíma sem okkur er skylt að lögum (nú 7 ár). Sá vörslutími hefst: i) þegar síðustu skriflegu samskipti milli okkar og þín fara fram, eða ii) þann dag sem við gefum út lokareikning vegna þjónustunnar.
- 2.10. Við varðveitum gögn um þjónustuna, sem geta innihaldið persónuupplýsingar, eins lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla tilganginn með söfnun þeirra eða eins lengi og áskilið er í lögum. Eftir að sá vörslutími er liðinn er okkur heimilt að eyða þeim án þess að gera þér sérstaklega viðvart um það.

### **3. Gjaldtaka og reikningsgerð**

- 3.1. Gjaldtaka okkar er í samræmi við það þóknunarfyrirkomulag sem samið er um í skipunarbréfinu.
- 3.2. Þrátt fyrir að samið sé um fast gjald, eða gjald sem miðast við hlutdeild af hagsmunum, munum við halda utan um raunverulegan tímafjöld eins og gildir um hefðbundna lögræðiþjónustu. Miðast sú skráning meðal annars við hversu brýnt og flókið verkefni

er, hvort unnið sé utan hefðbundins skrifstofutíma, hvort um sé að ræða verk sem ekki hefur áður reynt á. Við skráum einnig símtöl, tölvupóstsamskipti og önnur samskipti sem tengjast ráðgjöf og veitingu þjónustu. Lágmarkstímaeining sem skráð er eru 15 mínútur.

- 3.3. Þú heimilar okkur að krefja um raunverulegt gjald fyrir þjónustuna, sem skráð er samkvæmt framangreindu, á grundvelli þeirrar gjaldskrár LR sem í gildi er á hverjum tíma (**raunverulegt gjald**), úr málskostnaðartryggingu, á grundvelli gjafsóknar og/eða úr hendi gagnaðila.
- 3.4. Þegar verkinu er lokið (eða eftir því sem því vindur fram, ef um málskostnaðartryggingu er að ræða) munum við gefa út reikning til þín. Virðisaukaskatti verður bætt við fjárhæð reiknings eins og lög kveða á um. Eindagi reikninga er 20 dögum eftir útgáfudag. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga, ber hann dráttarvexti frá gjalddaga, skv. vaxtalögum nr. 38/2001. Falli til viðbótarkostnaður vegna innheimtu reiknings, ber þér að endurgreiða hann.
- 3.5. Við sendum reikninga okkar rafrænt til þín á það tölvupóstfang sem þú hefur gefið okkur upp. Ef þú vilt fá reikning á pappír þarft þú að óska eftir því sérstaklega.
- 3.6. Þú samþykkir að endurgreiða okkur útlagaðan kostnað sem fellur til við veitingu þjónustunnar. Til útlagðs kostnaðar teljast t.d. þingfestingargjöld og önnur dómgjöld, stimpilgjöld, nauðsynlegur ferðakostnaður, póstburðargjöld og kostnaður vegna leita í gagnagrunnum. Við munum hafa samband við þig áður en stofnað er til kostnaðar sem er ekki óverulegur.

#### **4. Hagsmunaárekstrar og gildistími samnings**

- 4.1. Við höfum til staðar fyrirkomulag til þess að bregðast við hagsmunaárekstrum og tryggja að við getum tekið að okkur verk. Komi til þess að upp komi hagsmunaárekstur engu að síður, munum við leysa úr honum í samræmi við siðareglur lögmannna og okkar innri verkferla. Ef nauðsyn krefur samþykkir þú að okkur sé heimilt að segja upp samningnum án fyrirvara til að bregðast við hagsmunaárekstri.
- 4.2. Sambandið milli okkar og þín er ekki einkasamband um þá lögfræðiþjónstu sem veitt er. Okkur er heimilt að taka að okkur störf fyrir alla aðra viðskiptavinum eftir því sem við teljum eðlilegt og rétt.
- 4.3. Þér er heimilt að segja upp þessum samningi hvenær sem er, ef við brjótum skyldu okkar gagnvart þér. Þér er einnig heimilt að segja samningnum upp án tilefnis. Þar sem við höfum tekið að okkur að veita þjónustuna með óvenjulega hagstæðum kjörum, samþykkir þú að ef þú segir upp samningnum áður en verkinu er lokið, skuldbindir þú þig til að greiða okkur það raunverulega gjald sem skráð hefur verið þegar þú segir samningnum upp, auk alls útlagðs kostnaðar sem kann að hafa fallið til.
- 4.4. **Uppsögn án tilefnis:** Okkur er hvenær sem er heimilt að segja upp samningi þessum einhliða með 20 daga fyrirvara, þegar tilefni er til þess og það setur hagsmuni þína ekki í hættu.

- 4.5. **Uppsögn af tilefni:** Okkur er heimilt að segja samningnum upp án fyrirvara ef reikningur okkar er ekki greiddur 20 dögum eftir eindaga, eða ef þú brýtur með öðrum hætti gegn skuldbindingum þínum samkvæmt þessum samningi.
- 4.6. Ef við segjum samningnum upp án tilefnis ber þér aðeins að greiða okkur útlagðan kostnað. Ef við segjum upp samningnum af tilefni samþykkir þú að greiða okkur það raunverulega gjald sem skráð hefur verið þegar þú segir samningnum upp, auk alls útlagðs kostnaðar sem kann að hafa fallið til.
- 4.7. Tilkynningu um uppsögn heimilar þú okkur að senda á tölvupóstfangið sem þú hefur skráð hjá okkur.

## **5. Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og upplýsingabeidnir skattayfirvalda**

- 5.1. Sú þjónusta sem við veitum þér fellur ekki undir gildissvið laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Við áskiljum okkur þó ávallt rétt til að kanna áreiðanleika viðskiptavina okkar.
- 5.2. Ef lagabreyting, breytingar á reglugerðum eða tilmælum, eða eðli þjónustunnar og samskipta okkar við þig, valda því að þjónustan fellur að okkar mati undir gildissvið framangreindra laga, skuldbindur þú þig til að veita okkur allar þær upplýsingar sem okkur er þörf á til að framkvæma áreiðanleikakönnun á þér og viðskiptunum.
- 5.3. Þú gerir þér grein fyrir því að í ákveðnum tilvikum gæti hvílt á okkur lagaskylda til að upplýsa um þjónustuna, fjárhæð og eðli greiðslna, eða áþekk atriði til eftirlitsstjórnvalda eða skatta- og tollayfirvalda. Þú samþykkir að okkur sé það heimilt án þess að í því felist brot á trúnaðarskyldu okkar við þig eða þeirri þagnarskyldu sem við almennt viðhöfum um öll okkar verk.

## **6. Ábyrgðartakmörkun, þök á bótafjárhæðir og hugverkaréttur**

- 6.1. Þrátt fyrir að ákveðinn lögmaður sé tiltekinn í skipunarbréfi, er sá aðili samningsins sem veitir lögfræðiþjónustu alltaf LR og LR er gagnaðili þinn í samningnum. Þjónusta sem þér er veitt er ekki veitt af einstaka nafngreindum lögmanni, og einstakir lögmennt bera ekki persónulega ábyrgð á þjónustunni, nema lög kveði á um annað.
- 6.2. Bótaábyrgð okkar gagnvart þér er takmörkuð við fjárhæð starfsábyrgðartryggingar LR. Ef ábyrgðartryggingin tekur ekki til tjónsins er ábyrgð takmörkuð við þá lágmarksfjárhæð sem leiðir af 4. mgr. 25. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt.
- 6.3. Verðir þú fyrir tjóni, dragast allar bætur úr tryggingum og skaðabætur sem þú færð annars staðar frá, frá ábyrgð LR.
- 6.4. Við berum ekki ábyrgð á tjóni einstaklinga og lögaðila sem eru ekki aðilar að samningnum og við undanþiggjum okkur ábyrgð á óbeinu og afleiddu tjóni.
- 6.5. Ef þú vilt kvarta yfir þjónustunni eða telur þig eiga rétt á bótum vegna þjónustunnar ber þér að tilkynna um þá kröfu til LR skriflega. Í tilkynningunni skal koma fram lýsing á þeim atvikum sem þú telur máli skipta, ásamt því hvaða kröfu þú gerir. Tilkynningunni skulu fylgja þau gögn sem þarf til þess að taka afstöðu til erindisins. Allar kröfur um skaðabætur þurfa að berast LR innan árs frá því að það verk sem olli meintu tjóni var

unnið. Ef krafa berst ekki innan þeirra marka fellur réttur þinn til að krefjast skaðabóta úr gildi.

- 6.6. Öll hugverkaréttindi vegna þeirra skjala sem til verða við þjónustuna og allar afurðir af vinnu lögmanna LR eru í eigu LR. Þú fellst á að þér sé óheimilt að deila eða afhenda öðrum þau skjöl sem við afhendum þér, svo sem greiningar, matsgerðir, minnisblöð, lögfræðiálit og stefnur.

## **7. Almenn ákvæði**

- 7.1. Samningur þessi hefur að geyma heildarsamkomulag aðilanna um það efni sem hann fjallar um. Hann gengur framan og víkur til hliðar öllum fyrri samkomulögum aðilanna.
- 7.2. Reynist einhver hluti samningsins ógildur eða óframkvæmanlegur skal það ákvæði, að því marki sem nauðsynlegt er, fellt úr gildi án þess að það hafi áhrif á önnur ákvæði samningsins sem skulu enn vera í fullu gildi með tilheyrandi áhrifum (nema sú breyting myndi leiði til þess að forsendur samningsins teldust brostnar).
- 7.3. Samningurinn er gerður samkvæmt íslenskum lögum og skal skýrður til samræmis við íslenskan rétt. Aðilarnir fallast á lögsögu Héraðsdóms Reykjavíkur til þess að leysa úr öllum ágreiningsmálum sem af samningnum kunna að leiða, þar á meðal ágreiningsefnum um gildi hans.
- 7.4. Allar tilkynningar, fyrirspurnir, kröfur og önnur samskipti milli aðilanna skulu vera skrifleg og talin hafa komist til skila þegar þau er afhent í persónu, send með boðsendingu, ábyrgðarpósti, venjulegum pósti eða tölvupósti á heimilisfang eða netfang samningsaðilans sem skráð er í skipunarbréfinu.
- 7.5. LR er heimilt að gera breytingar á þessum skilmálum einhliða, en skal þá tilkynna þér þær breytingar með eins mánaðar fyrirvara með tölvupósti á það netfang sem þú gafst okkur upp í skipunarbréfinu. Ef þú samþykkir ekki breytingu á skilmálunum getur þú sagt samningnum upp, sbr. gr. 4.